

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness föstudaginn 16. mars 2007 í máli nr. S-9/2007:

### Ákærvaldið

*(Július Magnússon ftr.)*

**gegn**

### Rúnari Gissurarsyni

*(Kristján Stefánsson hrl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 2. mars sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 29. desember 2006, gegn Rúnari Gissurarsyni, [kt.], Túngötu 15, Sandgerði „fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, með því að hafa, að morgni sunnudagsins 2. október 2005, utandyra á Hafnargötu í Keflavík, slegið Stefán Jóhannesson, [kt.], í andlitið með glerflösku, með þeim afleiðingum að hann hlaut 3 sentimetra langan skurð á enni ofan við vinstri augabrún sem sauma þurfti saman með sex saumum.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

Ákærði krefst vægustu refsingar sem lög leyfa og komi til fangelsisrefsingar verði hún öll skilorðsbundin. Þá krefst hann þess að háttsemi ákærða verði heimfærð til 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

I.

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar í Keflavík barst henni tilkynning að morgni sunnudagsins 2. október 2005 um að maður, sem hefði verið sleginn með flösku í andlitið, væri kominn inn á skemmtistaðinn Traffic við Hafnargötu í Reykjanesbæ. Tekið var fram að sá sem á hann hefði ráðist væri enn fyrir utan staðinn. Þegar lögreglumenn komu á vettvang hittu þeir fyrir Stefán Jóhannesson, með djúpan skurð á enni. Kvað hann ákærða hafa slegið sig með krepptum hnefa í nefið og með flösku í andlitið. Í viðræðum Rúnars við lögreglu kvaðst hann hafa

slegið Stefán með bjórflösku. Báðir aðilar greindu lögreglu frá því að ástæða árársinnar væri umferðarslys þar sem Stefán hefði verið ökumaður og frændi Rúnars slasast alvarlega.

Samkvæmt læknisvottorði frá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, dagsettu 25. september 2006, sem unnið er af Sigurjóni Kristinssyni, yfirlækni úr gögnum stofnunarinnar, er haft eftir Stefáni Jóhannessyni, að hann hafi verið allsgáður á gangi úti í Reykjanesbæ, þegar maður hefði slegið sig í höfuðið með bjórflösku með þeim afleiðingum að hann hefði fengið skurð á ennið, sem töluvert hefði blætt úr. Hann hefði hvorki verið með höfuðverk né svima.

Skoðun hafi leitt í ljós góða meðvitund og áttun. Hann hefði hlotið um 3 cm langan skurð á enni vinstra megin fyrir ofan augabrún, fremur djúpan en þó ekki inn að beini. Heilataugaskoðun hefði verið eðlileg. Deyft hefði verið og saumað með 6 sporum. Greint er frá því að Stefán hefði ekki síðar leitað til HSS vegna þessara áverka.

Í niðurlagi vottorðsins er tekið fram að ljóst sé að framangreindur skurður valdi öri og það á áberandi stað. Önnur eftirköst ættu ekki að verða. Ljóst sé þó að mun verr hefði getað farið við svona árás.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Keflavík 21. desember 2005. Hann kvaðst ekki þekkja Stefán, en vissi hver hann væri. Frændi sinn og jafnaldri, væri ennþá meðvitundarlaus á sjúkrahúsi eftir að hafa stórslasast sem farþegi Stefáns við útafakstur hans. Hann viðurkenndi að hafa slegið Stefán í andlitið með lítilli Carlsberg glerbjórflösku sem hefði ekki brotnað við höggið. Aðspurður kvaðst ákærði aldrei hafa kýlt Stefán með krepptum hnefa í andlitið.

Við skýrslugjöf Stefáns Jóhannessonar hjá lögreglu 31. ágúst 2006, kvaðst hann hafa verið að aka eftir Hafnargötunni undir morgun 2. október 2005. Hann hafi farið út úr bílnum til að ræða við Rúnar, hefði viljað biðja sig fyrirgefningar á því að hafa slegið sig á skemmtistað í Keflavík nokkrum vikum áður. Ástæðuna hafi hann sagt vera umferðarslyss sem varð í Grindavík og Rúnar vildi kenna sér um. Í framhaldinu hafi Rúnar hent flösku í sig og hann vankast við höggið og ekki muna hvað síðan gerðist. Stúlka, sem hafi verið í bifreiðinni með honum og félögum hans hafi leitt sig inn á skemmtistaðinn Traffic. Þaðan hafi lögregla flutt sig á sjúkrahúsið í Keflavík. Hann ítrekaði að Rúnar hafi hent flösku í andlit sitt, en hann hafi ekki kýlt sig með hnefa.

Vinur ákærða, Andrés M. Eggertsson, gaf skýrslu hjá lögreglu 29. september 2006. Kvað hann Rúnar hafa haldið á bjórflösku, sem hann hafi slegið Stefán með í

andlitið, beint í ennið að hann taldi. Kvaðst hann ekki hafa heyrt orðaskipti þeirra áður en Rúnar lamdi Stefán. Hann kvað hatur ríkja milli Rúnars og Stefáns vegna bílslyss sem Stefán hafi verið valdur að. Aðspurður kvaðst hann hvorki hafa séð Rúnar kýla Stefán með krepptum hnefa né séð hann henda flösku í andlit hans.

Teknar voru lögregluskýrslur af vitnunum Hauki Inga Ólafssyni og Selmu Ósk Jónsdóttur hjá lögreglunni í Keflavík 27. september 2006 og 12. október 2006. Þau höfðu verið á gangi eftir Hafnargötunni umrætt sinn með Stefáni Jóhannessyni. Þau voru vitni að því þegar ákærði sló Stefán í andlitið með bjórflösku. Selma sagðist hafa staðið við hlið Stefáns þegar hann fékk bjórflösku í andlitið frá ákærða. Aðspurð kváðust þau ekki hafa séð Rúnar kýla Stefán með krepptum hnefa í andlitið. Hvorugt þeirra komu fyrir dóm við aðalmeðferð málsins.

## II.

Þegar ákærði var við þingfestingu málsins inntur eftir afstöðu sinni til sakargifta kvaðst hann játa að hafa framið það brot sem honum er gefið að sök í ákæru.

Fyrir dómi við aðalmeðferð málsins kvaðst ákærði, áður en þetta gerðist, hafa verið að tala við Stefán um bílslysið sem varð í Grindavík sumarið 2005, og lýsti hann reiði sinni í garð Stefáns vegna þess. Hann kvaðst hafa haldið um stút flöskunnar lyft henni upp yfir höfðuð sér og slegið Stefán í höfuðið með henni. Ákærði sagðist hafa verið ölvaður, en muna eftir öllu sem gerðist. Hann tók fram að hann sæi mjög eftir því sem gerst hefði.

Í skýrslu fyrir dóminum sagði Stefán Jóhannesson að ákærði hafi kýlt sig í nefið og kastað glerflösku í andlit sitt, með þeim afleiðingum að hann hefði hlotið 3 cm langan skurð á á vinstri augabrún og hafi hann vankast við höggið. Aðspurður kvað hann eftirköst þessa hafa verið smávægileg.

Við aðalmeðferð málsins kom fyrir dóminn Bjarney Sólveig Annelsdóttir, lögreglumaður og staðfesti frumskýrslu lögreglu sem hún ritaði um útkall lögreglu vegna líkamsárásar ákærða í máli þessu. Þá kom fyrir dóminn lögreglumaðurinn Grímur Thor Bollason, sem einnig sinnti útkallinu sem barst frá veitingastaðnum Traffic umrætt sinn. Þegar lögregla hafi komið þangað hafi ákærði verið fyrir utan staðinn. Í viðræðum hans við ákærða í lögreglubifreiðinni hafi ákærði viðurkennt að hafa slegið Stefán með bjórflösku.

Andrés M. Eggertsson kom fyrir dóminn sem vitni. Hann kvaðst þekkja ákærða Rúnar og kannast við Stefán. Vitnið sagðist hafa verið undir áhrifum umrætt sinn. Þeir Rúnar hefðu verið á gangi eftir Hafnargötunni ásamt félaga sínum. Hafi Rúnar sagst vilja fá að tala við Stefán. Hann hafi séð ákærða slá Stefán í höfuðið með flösku sem hann hafi haldið á í vinstri hendi. Vitnið kveðst ekki hafa séð

áverka á Stefáni. Þeir félagar hafi síðan gengið á brott eftir að lögregla var komin á vettvang.

### III.

Sú lýsing sem höfð er eftir brotþola í frumskýrslu lögreglu og síðan fyrir dómi við aðalmeðferð málsins, um að ákærði hafi slegið hann með krepptum hnefa í nefið síðan og kastað flöskunni í andlit hans fær ekki stoð í framburðum annarra vitna.

Með skýlausri játningu ákærða allt frá upphafi lögreglurannsóknar og fyrir dómi, sem samrýmist öðrum gögnum svo sem framburði vitnisins Andrésar M. Eggertssonar bæði við lögreglurannsókn og fyrir dómi, telst sannað að ákærði hafi að morgni sunnudagsins 2. október 2005, á skemmtistaðnum Traffic við Hafnargötu í Reykjanesbæ, slegið Stefán Jóhannesson með glerflösku, þannig að af hlaust 3 sentimetra langur skurður á enni ofan vinstri augabrúnar, sem sauma þurfti með sex sporum. Verður talið sýnt að þurft hafi nokkurt afl til að valda þeim áverka þótt einnig komi fram í læknisvottorði að sár á höfði brotþola hafi ekki náð inn að beini. Verður að telja að með því að slá mann með gleríláti með þessum hætti í ofanvert andlit hafi ákærði gerst sekur um meiriháttar líkamsárás og er háttsemin réttilega heimfærð til 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði hefur lýst reiði sinni í garð brotþola sem orðið hafi þess valdandi að hann réðst að honum umrætt sinn. Ekki verður hin hættulega atlega ákærða að brotþola réttlætt með vísan til þess.

### IV.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hlaut hann 45.000 króna sektardóm 7. nóvember 2006 fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga, sem hann hafði framið í félagi við annan mann 27. nóvember 2005. Þar sem brotið sem ákærði er nú dæmdur fyrir var framið áður en hann var dæmdur fyrir fyrrgreint brot ber nú að dæma honum hegningarauka við fyrrgreindan dóm, sbr. 78. gr. almennra hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingar er litið til þess að árás ákærða var fyrirvaralaus og hættuleg og telja verður að tilviljun ein hafi ráðið að ekki fór verr. Þykir þannig með vísan til 1. og 3. tölulíðar 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 hæfilegt að ákærði sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði hefur frá fyrstu tíð viðurkennt verknað sinn greiðlega og hefur fyrir dómi borið að hann iðrist gjörða sinna. Þá verður að líta til ungs aldurs ákærða en hann var tæplega 19 ára þegar verknaðurinn var framinn 2. október 2005. Ákæra var gefin út 29. desember 2006. Er óútskýrt í málinu, einkum í ljósi skýlausrar játningar ákærða strax á vettvangi hvers vegna útgáfa ákæru dróst svo mjög. Þykir með hliðsjón af framangreindu unnt að fresta fullnustu refsingar ákærða að fullu og falli hún niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðiningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, greiði ákærði allan sakarkostnað málsins, sem samkvæmt gögnum þess nemur 8.500 krónum, auk málsvarnarlauna skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar, hæstaréttarlögmanns sem þykja hæfilega ákveðin 124.500 krónur og er virðisaukaskattur þar innifalinn.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Júlíus Magnússon fulltrúi lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Halldór Björnsson settur héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

#### **D ó m s o r ð:**

Ákærði, Rúnar Gissurarson, sæti fangelsi í sex mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, sem er 133.000 krónur og eru þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Kristjáns Stefánssonar, hæstaréttarlögmanns 124.500 krónur.

Halldór Björnsson